

Ed.

360. Frumvarp til laga

[212. mál]

um breytingu á lögum nr. 17/1965 um landgræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

19. gr. laganna orðist þannig:

Í hverri sýslu og hverjum kaupstað skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum landsins skal áður leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kys sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að 2/3 hlutum og viðkomandi sýslusjóði eða bæjarsjóði að 1/3 hluta.

2. gr.

Við 23. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef gróðri er svo komið að skjótra verndaraðgerða telst þörf, að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins, getur landbúnaðarráðuneytið, að höfðu samráði við sveitarstjórn þá, sem hlut á að máli, ákvarðað tímabundna takmörkun á beitarálagi þar til fullnægjandi gróðurverndaraðgerðir, að mati gróðurverndarnefndar og Landgræðslu ríkisins, hafa verið gerðar eða ítala er komin til framkvæmda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinafgerð.

Á s. l. ári starfaði nefnd manna að gerð nýrrar landgræðsluáætlunar og liggur hún fyrir Alþingi í formi þingsályktunartillögu. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir m. a.:

„Ein meginforsenda fyrir árangri í landgræðslu og gróðurvernd er, að búfjárbætur verði innan þeirra marka, sem beitarþol og ástand gróðurs leyfir.

Samkvæmt lögum um landgræðslu er gróðureftirlit eitt af verkefnum Landgræðslu ríkisins og skal unnið gegn ofnýtingu gróðurs og hvers konar skemmdum á gróðurlendi. Fram að þessu hefur á vegum Landgræðslunnar hvorki verið unnt að sinna gróðureftirliti né beitarstjórnun sem skyldi, enda ekki fengist heimild til að ráða menn til þeirra starfa.

Nefndin er þess fullviss, að ástand gróðurs á hálendi og sums staðar á láglandi sé þannig, að fylgjast verði nánar með honum og hafa meiri stjórn á nýtingu gróðursins en aðstaða hefur verið til. Tillögur nefndarinnar byggjast m. a. á því, að gróðureftirlitsmaður hefji störf hið fyrsta hjá Landgræðslu ríkisins.

Með aukinni beitarstjórnun vinnst margt, m. a. endurnýjun gróðurs og meiri hagkvæmni við landgræðslu og búskap. Til að ná markvissum árangri í beitarstjórn, þarf hún að byggjast á rannsóknum á beitarþoli og ástandi gróðurs á hverjum tíma.

Samkvæmt lögum um landgræðslu skulu gróðurverndarnefndir starfa í hverri sýslu landsins. Sumar þessara gróðurverndarnefnda hafa orðið til verulegs gagns við að koma meðferð og nýtingu afréttarlanda í það horf sem hæfir, en aðrar eru lítt virkar, þannig að þörf er á að efla starf þeirra og hlut búnaðarsambandanna.

Nefndin telur nauðsynlegt, að gróðurverndarnefndir starfi einnig í öllum kaupstöðum og hafi nána samvinnu við gróðureftirlit Landgræðslu ríkisins.

Til þessa hefur ítölu aðeins verið komið á í einum afrétti. Unnið er að gerð ítölu fyrir nokkra hreppa og hefur það verk staðið lengi, einkum vegna skorts á grunnkortum á láglandi.

Nefndin leggur áherslu á, að svo fljótt sem ástæður leyfa verði komið á ítölu fyrir landið allt, en meðan þeim áfanga er ekki náð, verði heimilt að takmarka tímabundið beitarálag á svæðum, sem teljast ofsetin að mati gróðureftirlitsmanns. Heimildir til slíks eru ekki fullnægjandi í núgildandi löggjöf og leggur nefndin til, að lög nr. 42/1969 um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. og lög nr. 17/1965 um landgræðslu verði endurskoðuð og samræmd með tilliti til þess.“

Á grundvelli þessarar niðurstöðu nefndarinnar eru framanskráðar tillögur um breytingu á lögum nr. 17/1965 um landgræðslu gerðar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Skv. gildandi lögum eiga gróðurverndarnefndir að starfa í hverri sýslu landsins. Ástæða er til að ætla að með því að skipa gróðurverndarnefndir í öllum kaupstöðum landsins, verði hægt að efla gróðurverndarstarf til muna.

Um 2. gr.

Fái greinin lagagildi verður mun fljótvirkara og auðveldara að grípa til gróðurverndar- aðgerða, þar sem gróðurskemmdir hafa átt sér stað eða vofa yfir. Slíkum aðgerðum væri þá hægt að beita tímabundið í heimalöndum sem afréttum, ef þörf krefur, þar til betri skipan fæst með aðgerðum viðkomandi gróðurverndarnefnda og Landgræðslu ríkisins eða gerð ítölu.